

Vor 2025



# Nám að loknum grunnskóla

Kynning fyrir nemendur og foreldra/forráðamenn

# Höfuðborgarsvæðið



# Opin hús í framhaldsskólum 2025

Menntaskólinn í tónlist- Föstudagur 28.feb 16:00-18:00

Versló - Fimmtudagur 6.mars kl.15:00,16:00,17:00 og 18:00 (sjá heimasíðu fyrir skráningu)

Menntaskólinn við Hamrahlíð - Fimmtudagur 06.mars kl. 17:00-18:30

Borgarholtsskóli - Þriðjudagur 18.mars kl:16:30-18:00

Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ - Miðvikudagurinn 19.mars 16:30-18:00

Kvennaskólinn í Reykjavík - Miðvikudagur 19.mars kl.17:00-19:00

Fjölbraut við Ármúla - Þriðjudagur 18.mars kl.16:30-18:00

Fjölbrautarskólinn í Breiðholti - Þriðjudagur 25.mars kl.17:00-18:30

Menntaskólinn við Sund - Miðvikudaginn 26.mars kl.16:00-18:00

Tækniskólinn - Skólavörðuh. og Hafnarf. - Miðvikudagur 26.mars 15:30-17:30

MR- fimmtud. 27.mars Fimmtudagur kl.17:00-18:30

Menntaskólinn í Kópavogi - Laugardagur 29.mars 11:00-14:00

Skrúfudagur Veltækni- og Skipstjórnarskólinn - laugardagur 29. mars 13.00 - 16.00.

Fjölbrautarskólinn í Garðabæ - Þriðjudagurinn 8.apríl 16:00-17:30

# Umsóknir og innritanir eftir skólum

## Haustið 2024

Framhaldskóli	Val 1	Val 2	Alls	Innritaðir nem.
Tækniskólinn	441	392	833	383
Kvennó	308	403	711	212
Versló	522	161	683	370
MK	312	349	661	264
FG	251	367	618	200
MR	272	276	548	270
MS	209	269	478	243
Borgó	219	245	464	292
MH	210	196	406	231
Flensborg	167	235	402	188
FB	152	247	399	238
FÁ	92	168	260	194
FMos	37	55	92	62
MÍT	16	8	24	14

# Innritunartölur haustið 2024

84,5% nemenda komust inn í þann skóla sem þeir sóttu um sem fyrsta val.

11,8% fengu pláss í þeim skóla sem þeir völdu sem annað val.

3,7% nemenda fengu úthlutað skólaplássi í þriðja skóla.

# Innritun vorið 2024

- Innritun á starfsbrautir 1.-28. febrúar
- Innritun nemenda í 10.bekk **25.apríl – miðnættis 10. júní**
- Innritun fer fram hjá *Miðstöð menntunar og skólaþjónustu*, ***heimasíða mms.is*** nemendur nota rafræn skilríki
- Upplýsingar varðandi innritun verða sendar á foreldra/forráðamenn í gegnum Hnipp á Island.is
- Niðurstöður innritunar koma í lok júní.

# Val á framhaldsskóla er samspil margra þátta

- Velja eftir áhugasviði, skoða námsbrautir skóla í stað þess að velja skóla fyrst.
- Skoða námsframboð
- Bekkja- eða áfangakerfi
- Skoða kennsluhætti, námsaðstoð og námsmat
- Nálægð við heimili – staðsetning
- Félagslíf
- Félagar og vinir



# Innritunarferlið

- Nemendur sækja um í tveimur skólum og velja tvær námsbrautir í hvorum skóla. Nemendur setja í fyrsta val þann skóla sem þeir helst vilja fara í og í annað val þann sem kemur næst á eftir.
- Nýr valmöguleiki er þriðji skólinn (nýjung frá í fyrra).
- Í þessu vali er mikilvægt að hafa til hliðsjónar inntökuskilyrði inn á námsbrautir og því nauðsynlegt að kynna sér þær vel á heimasíðum skólanna. Alltaf þarf að muna að *staðfesta umsóknina*.
- *Alltaf hægt að fara í umsókn aftur (innan innritunartímabils) og gera breytingar ef þarf og staðfesta svo umsókn að nýju.*



# Innritunarferlið

- Einkunnir berast rafrænt með umsóknum til viðkomandi framhaldsskóla. Gott er þó að skoða í Menntagátt að lokinni útskrift, hvort ekki hafi farið inn réttar einkunnir og gera strax athugasemdir ef svo er ekki (innritun@mms.is).
- Í flestum tilfellum þarf ekki að senda nein viðbótargögn með umsókn.
- Fáir nemendur ekki inni í þeim skólum sem þeir velja sér er þeim úthlutað skólavist frá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu .

# Hvar má nálgast upplýsingar um innritun?

- Fara á heimasíðu [mms.is](https://mms.is)
- Facebook síðan „ráðgjöf vegna innritunar í framhaldsskóla“.
- Upplýsingar verða sendar til foreldra/forráðamanna gegnum Hnipp á island.is.
- Hægt að senda póst á [innritun@mms.is](mailto:innritun@mms.is)
- Hægt að hringja í síma 514-7500 (Miðstöð menntunar og skólaþjónustu)

# Inntökuskilyrði framhaldsskólanna

- Mikilvægt er að skoða inntökuskilyrði hvers skóla fyrir sig til að sjá þær lágmarkseinkunnir sem nemendur þurfa til að komast inn í skólana. Einnig getur vægi námsgreina verið mismunandi eftir námsbrautum.
- Nær allir skólar horfa fyrst og fremst á einkunnir í íslensku, stærðfræði og ensku, síðan er horft til einkunna í dönsku, náttúrufræði og samfélagsfræði.
- Í Versló hafa íslenska og stærðfræði tvöfalt vægi, síðan bætast við tvær hæstu einkunnirnar úr ensku, dönsku, samfélagsfræði eða náttúrufræði.
- Í MR hafa íslenska og enska tvöfalt vægi á málabraut en íslenska og stærðfræði á náttúrufræðibraut
- Í MK hafa einnig íslenska og stærðfræði tvöfalt vægi.

# Inntaka nýnema

Tölugildi á bak við bókstafina

A	B+	B	C+	C	D
4	3,75	3	2,75	2	1

**Dæmi:** Nemandi sem fær A í íslensku, B+ í stærðfræði og B í ensku fær samtals 10,75 stig

Sami nemandi sem sækir um í MK ,Versló eða MR (náttúrufræðibr.) fengi 18,5 stig (4+4+3,75+3,75+3) fyrir sömu einkunnir.

# Bóknám til stúdentsprófs

- IB nám –kennt á ensku (MH)
- Alþjóðabraut- tungumál og alþjóðaviðskipti (Versló og FG)
- Félagsfræðibraut- áhersla á samfélagsgreinar (saga, landafræði ofl.)
- Málabraut- áhersla á tungumál
- Náttúrufræðibraut – áhersla á stærðfræði og náttúrufræðigreinar (jarð,efn,eðl,líf, umhv.fræði).
- Íþróttabraut – (FG og FB)
- Viðskipta- og hagfræðibraut- fjármál, bókhald ofl.
- K2 Tækni-og vísindaleið (Tsk)
- Hönnunar-og markaðsbraut – hönnun og viðskiptafræði (FG)
- Nýsköpunar-og listabraut (Versló og FÁ)
- Tölvubraut (Tsk og FB)
- Tölvuleikjagerð (Fjölbrautarskóli Suðurnesja)



# Fjölbreytt námsframboð



- **Starfsnám/iðnnám/tækninám**: er stærsti flokkur námsbrauta í framhaldsskólum. Nám á starfsnámsbraut veitir undirbúning til tiltekinna starfa og/eða til áframhaldandi náms. Hægt er að ljúka **viðbótarnámi** af öllum brautum til að taka stúdentspróf
- **Almennt bóknám**: Nemendur ljúka námi með stúdentsprófi
- **Listnám**: Býr nemendur undir áframhaldandi nám og störf á sviði lista. Brautirnar eru t.d. hönnun, listdans, kvikmyndalína, myndlist, leiklist og tónlist.
- **Framhaldsskólabraut**: Nemendur sem lokið hafa grunnskólaprófi en uppfylla ekki skilyrði til inngöngu á aðrar námsbrautir (C og D) 1 – 2 ára braut.
- **Starfsbrautir**: eru ætlaðar nemendum sem hafa notið verulegrar sérkennslu í grunnskóla.

# Bekkjarkerfið

- Menntaskólinn í Reykjavík  
(bekkurinn saman fyrsta árið) – 3 ára nám
- Kvennaskólinn í Reykjavík  
(bekkurinn saman fyrstu 2 árin svo detta inn valáfangar á 3. ári). Ekki nauðsynlegt að klára á 3 árum
- Verslunarskóli Íslands  
Bekkurinn er saman öll 3 árin, breyting frá því sem áður var.



# Áfangakerfi



- Hverri námsgrein er skipt í áfanga sem kenndir eru eina önn
- Hver áfangi gefur ákveðinn fjölda eininga, standist nemandi próf/námsmat.
- Nemandi tekur að meðaltali 33-34 einingar á önn til að ljúka stúdentsprófi á 3 árum eða 6-7 fög.
- Í MS og FG er 3ja anna kerfi og þá er kennd haustönn, miðönn og vorönn. Nemendur taka ca. 22 ein til að klára á 3 árum eða 4-5 fög
- Flestir nemendur eru 3 ½ -4 ár að ljúka stúdentsprófi.



# Áfangakerfi

- Fjölbreytt nám – bóknám, listnám og iðnnám
- Sveigjanleiki
- Oft meira val
- Nemendur ráða miklu um námshraðann
- Áfangakerfið auðveldar flutning milli brauta og skóla
- Falli nemandi í áfanga er hægt að taka áfangann á næstu önn en halda áfram í öðrum greinum



# Afrekssvið

## Menntaskólinn í Kópavogi

- Afreksíþróttasvið er ekki eiginleg braut.
- Valin er braut og afrekssviði bætt við.
- Nemendur fá 30 einingar (5 ein á hverri önn) fyrir að vera á afrekssviði sem gengur uppí valeiningar og íþróttir.
- Sótt um á heimasíðu MK og á menntagátt. Þjálfari skilar meðmælum og nemandi skilar upplýsingum um sjálfan sig (hægt að sjá formin inná heimasíðu MK).
- Ekki komust allir inná afrekssvið sem sóttu um (ca.90 teknir inn að hausti).
- Borgarholtsskóli og Flensborg bjóða einnig uppá afrekssvið af bóknámsbrautum (mjög góð kynning á heimasíðum skólanna).



# Borgarholtsskóli

## Áfangakerfi

## Inntökuskilyrði






Borgarholtsskóli

# Borgarholtsskóli

*Inntökuskilyrði*


## Áfangakerfi



# Flensburg

Áfangakerfi

Inntökuskilyrði



# Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

*Inntökuskilyrði*

Áfangakerfi

## Listnám

Myndlistar  
braut

Fata- og textíl  
braut

Nýsköpun,  
hönnun og listir

Starfsbraut

Icelandic  
course for  
foreigners

## Verknám

Húsasmíða  
braut

Snyrtibraut

Sjúkraliða  
braut

Rafvirkja  
braut

Stúdents  
braut

## Nám til stúdentsprófs

Opin braut


Félagsvísinda  
braut

Íþróttabraut

Náttúruvísinda  
braut

Tölvubraut

Framhaldsskóla  
braut







# Fjölbrautaskólinn í Garðabæ

Áfangaskóli - þriggja anna kerfi

Inntökuskilyrði










# Kvennaskólinn í Reykjavík

Bekkjakerfi

Inntökuskilyrði





# Hússtjórnarskólinn í Reykjavík

Inntökuskilyrði

- Einnar annar nám í hússtjórnar- og handmenntagreinum (námið getur bæði hafist að hausti og vori).
- Heimavist fyrir þá sem þess óska.
- Markmið skólans er að veita menntun sem nýtist í daglegu lífi og er góður undirbúningur undir frekara nám. Einnig að undirbúa nemendur fyrir störf í ýmsum greinum samfélagsins, að kenna nemendum vandvirkni og auka sjálfstraust og frumkvæði.

## Helstu námsgreinar

Matreiðsla

Þvottur og  
ræsting

Næringafræði

Lífsleikni

Hekl

Vefnaður

Fatasaumur

Vörufraði


Prjón

Útsaumur

# Menntaskólinn í Kópavogi

## Áfangakerfi

Inntökuskilyrði námsbrauta má finna í upplýsingum um brautirnar sjálfar




\*nemendur úr 10.bekk geta aðeins innritast í grunnnámið annað er samningsbundið iðnnám sem hefst á vinnustað



# Menntaskólinn í Reykjavík

Bekkjakerfi

Inntökuskilyrði






# Menntaskóli í tónlist

Áfangakerfi

Inntökuskilyrði






# Menntaskólinn við Hamrahlíð

Áfangakerfi

Inntökuskilyrði






# Menntaskólinn við Sund

Áfangaskóli  
þriggja anna kerfi


Inntökuskilyrði





# Myndlistaskólinn í Reykjavík


*Inntökuskilyrði*



# Tækniskólinn




Kennt í Hafnarfirði  
Áfangakerfi

*Inntökuskilyrði námsbrauta má  
finna í upplýsingum um brautirnar  
sjálfar*




# Tækniskólinn

*Inntökuskilyrði námsbrauta má finna í upplýsingum um brautirnar sjálfar*



# Tækniskólinn


*Inntökuskilyrði námsbrauta má finna í  
upplýsingum um brautirnar sjálfar*



# Tækniskólinn

*Inntökuskilyrði námsbrauta má finna í  
upplýsingum um brautirnar sjálfar*



## Áfangakerfi



# Tækniskólinn

## Áfangakerfi

*Inntökuskilyrði námsbrauta má finna í upplýsingum um brautirnar sjálfar*






# Verzlunarskóli Íslands

Bekkjaskóli með áfangasniði

Inntökuskilyrði



# Áhugaverðar vefsíður

[mms.is](http://mms.is) – ýmsar gagnlegar upplýsingar varðandi innritun

[Facebook](#)- ráðgjöf vegna innritunar í framhaldsskóla

[bendill.is](http://bendill.is) – áhugakönnun

[attavitinn.is](http://attavitinn.is) – upplýsingar um framhaldsskóla og ýmislegt annað

[fagfólkið mbl.is](http://fagfólkið.mbl.is) – viðtöl við fólk sem vinnur við hin ýmsu störf

[naestaskref.is](http://naestaskref.is) – upplýsingar um flest sem tengist námi og störfum

[namogstorf.is](http://namogstorf.is)- upplýsingar um nám og störf í iðngreinum

[landspitali.is](http://landspitali.is) – starfamínútan/mannauðsmínútan (myndbönd um hin ýmsu störf innan spítalans)

[nemahvad.is](http://nemahvad.is) - Kynning á iðn-og verknámi



# Mín framtíð 2025

Íslandsmeistaramót iðn-og  
verkgreina og  
framhaldsskólakynning

Haldin 13.-15. mars 2025 í  
Laugardalshöll.

9. og 10. bekkingum boðið að  
koma.



Takk fyrir mig